

Miðvikudaginn 24. febr. 1932.

Nr. 114/1931. **Leif Gamborg, f. h. firmans K. P.**

M. Dons (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Guðmundi Ólafssyni og Pétri Magn-

ússyni (Pétur Magnússon).

Stefndir eigi taldir hafa bakað sér skaðabótaskyldu út af afskiptum sínum af máli því, er hér um ræðir. Krafa stefnanda því eigi tekin til greina.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 5. júlí 1930: Stefndir, Guðmundur Ólafsson og Pétur Magnússon, skulu vera sýknir af kröfu stefnandans, Leif Gamborg, f. h. firmans K. P. M. Dons í Kaupmannahöfn, í máli þessu.

Stefnandinn greiði stefndum kr. 500.00 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hinir stefndu hafa skýrt frá afskiptum sínum af hinni fyrirhuguðu málssókn F. J. E. Berners stórkaupmanns í Kaupmannahöfn á hendur Bernh. Petersen kaupmanni í Reykjavík, sem er tilefni til máls þessa, á þá leið, að vorið 1931 hafi Kristján kaupmaður Torfason á Flateyri komið til þeirra með samning þann á milli Berners og Bernh. Petersen, er frá er skýrt í forsendum hins áfrýjaða dóms, ásamt fleiri gögnum, þar á meðal skýringum Berners um málið, og hafi Kristján beðið þá að athuga skjöl þessi og láta í ljósi álit sitt um skaðabótakröfu þá, er Berner vildi gera á hendur viðsemjanda sínum, Bernh. Petersen, út af vanefndum samningsins. Hafi meðstefndi, Pétur Magnússon, eftir að hafa athugað gögn þessi lauslega, sagt

Kristjáni, að ef frásögn Berners um málavexti væri rétt og ef hann hefði eigi sjálfur gerzt sekur um samningsrof, liti svo út, að hann hefði rétt til skaðabóta, muni Kristján hafa flutt þessi ummæli til Páls Torfasonar bróður síns og hann aftur til Berners og hafi stefndu þá nokkru síðar borizt umboð frá Berner til málshöfðunar. Um líkt leyti og umboð þetta kom, hafi stefndu farið að athuga málið nánar. Hafi það þegar í upphafi vakið tortryggni þeirra á málstað Berners, að hann skyldi ekkert hafa aðhafzt út af þessu í nærfellt 3 ár, og eftir upplýsingum þeim, er þeir hafi fengið um málstað hans, hafi þeim virzt ólíklegt, að krafan væri á rökum byggð. Hafi þeir því sagt Kristjáni Torfasyni, að ef þeir ættu að hafa nokkur frekari afskipti af málinu, yrðu þeir fyrst og fremst að fá skýrar upplýsingar um, hverjar ráðstafanir Berner hefði gert viðvíkjandi afhendingu á lýsinu og jafnframt yrði hann að greiða þeim fyrirfram að minnsta kosti 500 kr. upp í málskostnað, en þar sem hvorki frekari upplýsingar eða peningar hafi komið, hafi þeir vorið 1922 sagt Kristjáni það afdráttarlaust, að þeir vildu engin afskipti hafa af málinu, hafi þeir talið nægilegt að skýra Kristjáni frá þessu, þar sem hann hafi komið með skjölin til þeirra, enda hafi þeir ekkert viljað við Berner eiga.

Umboðsmaður áfrýjanda hefir lýst því yfir hér fyrir réttinum, að hann hefði enga ástæðu til að vefengja skýrslu stefndu um framkomu þeirra gagnvart Kristjáni Torfasyni, en fyrir hönd umbjóðanda síns heldur hann því hinsvegar fram, að þar sem Berner hafi sent þeim umboð til málshöfðunar og síðan ritað þeim hvað eftir annað um málið, hafi það verið skylda þeirra að rita honum

um afstöðu þeirra til málsins, enda hafi Berner ekkert fengið að vita um skilyrði þau, er stefndu hafi sett, þar á meðal að þeir vildu fá 500 kr. fyrir fram til að taka að sér málshöfðun. Með þessu hafi stefndu orðið þess valdandi, að krafa Berners hafi fyrnzt og verði þeir að svara til þess skaða, er af því hafi hlotizt.

Á þetta verður eigi fallizt. Stefndu máttu eftir atvikum líta svo á, að þeim væri heimilt að snúa sér til þess manns, er upphaflega hafði leitað til þeirra viðvikjandi umræddri málssókn, bæði um skilyrði fyrir því, að þeir tæki málið að sér og síðar, er þeim skilyrðum var ekki fullnægt, að láta hann vita, að þeir vildu engin afskipti hafa af málinu, og það var ekki á ábyrgð stefndu, þó umboðsmaður þessi kunni að hafa vanrækt að tilkynna Berner þetta.

Af þessu þykir það ljóst, að afskipti hinna stefndu af umgetnu máli hafa ekki verið þannig, að þau hafi bakað þeim skaðabótaskyldu, og ber því þegar af þessari ástæðu, og án þess ástæða sé til að rannsaka aðrar sýknunarástæður stefndu, að sýkna þá af kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður, en málskostnað í hæstarétti ber áfrýjanda að greiða stefndu með 250 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Guðmundur Ólafsson og Pétur Magnússon, skulu vera sýknir af kröfu áfrýjanda, Leif Gamborg, f. h. firmans K. P. M. Dons, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en

málskostnað í hæstarétti greiði áfrýjandi hin-
um stefndu með 250 kr. að viðlagðri aðför að
lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útgefinni 5. apríl 1929, af Leif Gamborg, Landsretssagförer, f. h. firmans K. P. M. Dons í Kaupmannahöfn, gegn Guðmundi Ólafssyni og Pétri Magnússyni, hæstaréttarmálaflutningsmönnum, hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum, að upphæð d. kr. 64822,65 með 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1921 til greiðsludags og málskostnaður að skaðlausu eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að með samningi, dags. 11. okt. 1918, seldi Bernhard Petersen, kaupmaður hér í bænum, F. J. E. Berner, stórkaupmanni í Kaupmannhöfn, 240 föt af ljósu og 110 föt af dökku iðnaðarlýsi. Umsamið kaupverð var d. kr. 1,70 pr. kg. af ljósa lýsinu og d. kr. 1,60 pr. kg. af því dökka. Hvert lýsisfat skyldi vera ca. 175 kg. nettó. Um greiðslu var svo samið, að hún færi fram með bankayfirfærslu (Rembours) í Íslandsbanka og skyldi hún opnuð þegar seljandi óskaði þess. Afhendingarstaður lýsisins var ákveðinn á „Lager“ í Reykjavík eða Hafnarfirði, þó var seljanda skylt að koma lýsinu á skip, er kaupandi tæki til og honum að kostnaðarlausu. Um afhendingartíma lýsisins var ekkert tekið fram í samningnum.

Í bréfi til kaupanda, dags. 23. okt. 1918, krafðist seljandi svo þess, að bankayfirfærslan yrði opnuð með simskeyti næstu daga til handa Jes Zimsen, kaupmanni í Reykjavík, og var það gert. Hinsvegar kveður stefnandi seljanda ekki hafa afhent lýsið eða gert nokkrar ráðstafanir til þess, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur um afhendingu frá kaupanda, en orsökina til þessara vanefnda seljanda telur stefnandi hafa verið þá, að lýsið hafi verið selt öðrum og sá kaupandi hafi fengið það afhent. Þessar vanefndir seljanda kveður stefnandi hafa bakað kaupanda stórtjón, því að hann hafi selt umrætt lýsi til firmans R. Svanberg & Co í Malmö með samningi dags. 26. nóv. 1918

fyrir sænskar kr. 3,50 pr. kg., en þenna sölusamning hafi hann (kaupandi) ekki getað uppfyllt vegna vanefnda seljanda og á þann hátt orðið af miklum gróða, auk þess hafi hann (kaupandi) orðið að greiða ýmislegan kostnað vegna lýsiskaupanna, svo sem kostnað við opnun bankayfirfærslu, ferðakostnað, kostnað við leigusamning um skip til þess að flytja lýsið frá Íslandi til Svíþjóðar o. fl. Hefir stefnandi sundurliðað tjón kaupanda vegna samningsrofa seljanda þannig:

1. Mismunur á umsömdu kaupverði á ljósa lýsinu og söluverði þess til R. Svanberg & Co.	d. kr. 85522,50
2. Mismunur á kaupverði og söluverði dökka lýsisins	— — 41122,81
3. Ýmiskonar kostnaður ca.	— — 3000,00
Alls d. kr. 129645,31	

Framangreindri skaðabótakröfu kveður stefnandi kaupanda lýsisins, Berner stórkaupmann, hafa komið til innheimtu hjá stefndum snemma á árinu 1921 fyrir milli-göngu Páls Torfasonar og Kristjáns Torfasonar, kaupsýslumanna, og hafi stefndum þá þegar verið afhent skjöl öll viðvikjandi málinu og síðar á árinu eða 18. júní verið sent fullkomið umboð til þess að fara með það. Stefndir hafi síðan ekkert aðhafst, þrátt fyrir itrekaðar fyrirspurnir um málið frá kröfueiganda, en loks hafi þeir sent honum málsskjölin í september 1925, er hann þá var á ferð hér í Reykjavík.

Vegna þessa aðgerðarleysis stefndra kveður stefnandi kröfuna hafa fyrnt meðan hún var hjá þeim til innheimtu og sé því vanrækslu þeirra um að kenna, að kröfurétturinn á hendur seljanda glataðist fyrir fyrningu og beri þeir þannig ábyrgð á tjóni, er kröfueigandi hafi hlotið vegna fyrningarinnar. Helming framangreindrar skaðabótakröfu eða d. kr. 64822,65 hefir umbjóðandi stefnanda, firmað K. P. M. Dons, fengið framselda til eignar með yfirlýsingu, dags. 17. ágúst 1928, frá upphaflega kröfueigandanum, kaupanda lýsisins, Berner stórkaupmanni, og hefir stefnandi nú höfðað mál þetta á hendur stefndum in solidum til greiðslu þeirrar upphæðar auk vaxta og málskostnaðar eins og að framan greinir.

Stefndir hafa mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum að skaðlausu eftir mati réttarins.

Sýknukröfuna reisa stefndir fyrst og fremst á því, að skaðabótakrafa sú, sem stefnandi samkvæmt framansögðu heldur fram, að kaupandi lýsisins, Berner stórkaupmaður, hafi eignast á seljanda þess, Bernhard Petersen, hafi ekki við nokkur rök að styðjast. Berner hafi ekki gert þær ráðstafanir, sem honum sem kaupanda hafi verið nauðsynlegt að gera til þess að fá lýsið afhent og geti því eigi verið um það að ræða, að seljandinn hafi orðið skaðabótaskyldur gagnvart honum vegna samningsrofa.

Þá hafa stefndir og haldið því fram, að þó svo kynni að verða litið á, að kaupandi hefði eignast raunverulega skaðabótakröfu á hendur seljanda vegna margnefndra lýsiskaupa, þá sé þeim algerlega óviðkomandi um afdrif þeirrar kröfu, því að þeir hafi aldrei tekið að sér innheimtu á henni, heldur aðeins lofað fyrir beiðni Kristjáns Torfasonar, að lesa málsskjölin viðvikjandi henni yfir og sé því engin vanræksla frá þeirra hendi, þó að krafan hefði fyrnst.

Stefnandi hefir eindregið mótmælt sýknuástæðum stefndra.

Það verður nú að fallast á það hjá stefndum, að þar sem ekkert var tekið fram í samningnum um afhendingartíma lýsisins, þá hafi seljanda ekki verið skylt að afhenda það fyrr en kaupandi krafðist þess. Það er að vísu svo, að kaupandi setti þegar, er seljandi fór fram á það, bankatryggingu fyrir greiðslu andvirðis lýsisins, en ekki verður litið svo á, að eindagi seljanda samkvæmt samningnum hafi komið við þá ráðstöfun kaupanda, svo að frekari kröfur um afhendingu hafi kaupandi ekki þurft að gera. Nú er það ekki upplýst gegn mótmælum stefndra, að kaupandi hafi gert sjálfur eða fyrir tilstilli hans hafi verið gerð nokkur krafa um afhendingu á lýsinu. Hinsvegar hafa stefndir haldið því fram og því hefir ekki verið mótmælt af stefnanda, að kaupandi hafi afturkallað bankatrygginguna án þess að gera seljanda nokkuð aðvart um afturköllunina og ekki verður séð, að eftir að bankatryggingin var afturkölluð hafi kaupandi gert nokkrar ráðstafanir til þess að fá lýsið afhent. Ekki kemur heldur

fram í málinu, að kaupandi hafi tilkynnt seljanda nokkuð um það, að hann ætlaði að halda fast við lýsissölusamninginn eða krefjast skaðabóta, ef lýsið yrði ekki afhent.

Rétturinn lítur því svo á, að ekki sé upplýst gegn mótmælum stefndra, að seljandi hafi gert sig sekan í nokkrum vanefndum á umræddum lýsissölusamningi eða m. ö. o. að kaupandi hafi eignast nokkra bótakröfu á hendur honum út af samningnum og hefir krafa umbjóðanda stefnanda á hendur stefndum þá heldur ekki við rök að styðjast, þar sem þó um vanrækslu hefði verið að ræða hjá þeim, þá getur hún ekki hafa orsakað nokkurt tjón og ber þegar af þessari ástæðu að taka sýknukröfu stefndra til greina.

Eftir þessum úrslitum og öllum málavöxtum þykir rétt, að stefnandi greiði stefndum kr. 500,00 í málskostnað.

Vegna ýmiskonar anna í sambandi við Alþingishátiðina hefir ekki verið unnt að kveða upp dóm í máli þessu fyrr en nú.

Föstudaginn 26. febr. 1932.

Nr. 80/1931. **Réttvísinn** (Th. B. Línal)

gegn

Helga Benediktssyni

(Guðm. Ólafsson).

Sýknun.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 23. marz 1931: Ákærði, Helgi Benediktsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu og fyrir bótakröfu, en greiði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði, Helgi Benediktsson, hafði á fyrri hluta ársins 1926 falið málflutningsmanni í Vestmannaeyjum innheimtu á dómskuld nokkurri, er verzlun-